

Skýrsla stjórnar Ljóstæknifélags Íslands fyrir starfsárið 2003-2004



# Skýrsla stjórnar

## um starfsemi félagsins 2003 – 2004

Aðalfundur Ljóstæknifélagsins árið 2003 var haldinn í húsi Orkuveitunnar 28.05.03 og var hann fremur fámennur enda frídagur daginn eftir og mjög gott veður.. Fundarstjóri var Ólafur Björnsson og fundarritari Jón Ísaksson Guðmann.. Daði Ágústsson, formaður, flutti skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir helstu verkefnum stjórnar og áherslum félagsins á komandi ári.

Ferdinad Alfreðsson, gjaldkeri, gerði grein fyrir reikningum félagsins fyrir árið 2002 og áætlun stjórnar fyrir árið 2003. Hvort tveggja var samþykkt. Einnig var samþykkt að hækka félagsgjöld einstaklinga í 2200 kr. Og fyrirtækja í 20.000 kr..

Fundarstjóri las upp niðurstöður kjörnefndar . Þessir hafa lokið kjörtímabili sínu:  
Ferdinad Alfreðsson stjórnarmaður  
Eiríkur Bogason Stjórnarmaður  
Jens Þórisson tilnefndur stjórnarmaður  
Egill Skuli Ingibergsson kjörnefndarmaður  
Guðjón L. Sigurðsson varaendurskoðandi.

Kjörnefndin leggur til eftirfarandi:

Ferdinad Alfreðsson stjórnarmaður til tveggja ára  
Eiríkur Bogason stjórnarmaður til tveggja ára  
Jens Þórisson tilnefndur stjórnarmaður til tveggja ára  
Egill Skuli Ingibergsson kjörnefndarmaður til þriggja ára  
Guðjón L. Sigurðsson varaendurskoðandi til þriggja ára

Ekki komu fram aðrar tillögur og þessir menn því samþykktir.

Stjórn félagsins starfsárið 2002-2003 var því þannig skipuð eftir að stjórnin hafði skipt með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi:

Daði Ágústsson formaður  
Hilmar Jónsson varaformaður  
Ferdinad Alfreðsson gjaldkeri  
Jón Ísaksson Guðmann ritari  
Eiríkur Bogason ritstjórnarfulltrúi

Hannes Helgason meðstjórnandi  
Jens Þórisson meðstjórnandi

Endurskoðendur fyrir starfsárið 2002 –2003 voru kjörnir samkvæmt tillögum  
kjörnefndar:  
Eiríkur Brím  
Hreinn Jónasson  
Guðjón L. Sigurðsson til vara

Kosning kjörnefndarmanna Víðir Kristjánsson endurkjörinn og Hreinn Jónasson  
endurkjörinn sem endurskoðandi.

## **STJÓRNARFUNDIR**

Stjórnin hélt 6 stjórnarfundi á árinu.

## **NÁMSSTEFNUR, NÁMSKEIÐ OG FRÆDSLUFUNDIR:**

Haldnir voru fræðslufundir um:

**Lýsinguna í Orkuveituhúsinu** Haukur Magnússon hönnuður hjá Rafhönnun fór yfir  
hönnun lýsingarinnar.

## **Fyrirlestur – Power of light**

Í desember var haldinn fyrirlestur í samvinnu við Arkitektafélag Íslands

Fyrirlesturinn var í Hafnarhúsinu og nefndist

### **The power of light - creating emotion with the successful integration of light and architecture.**

Fyrirlesarar voru Paul Gregory frá Focus Lighting í New York og Jonathan Speirs frá  
Speirs Major Associates. Báðir hafa þeir verið nefndir lýsingarhönnuðir ársins hjá  
Lighting Dimensions International.

Fundurinn var haldinn í samvinnu við Arkitektafélagið og var vel sóttur.

**Ljósdióður** í samvinnu við Reykjafell var fundur um ljósdióður sem framtíðar  
ljósgjafi. Fyrirlesarar voru frá Zumtoble. Jens Þórisson flutti erindi um sjónina. Allir  
þessir fundir voru vel sóttir.

Haldinn var fræðslufundur um neyðarlýsingu í samstarfi við S. Guðjónsson

Haldin var námsstefna um neyðarlýsingu í samvinnu við Brunamálastofnun.

Fyrirlesarar voru Guðmundur Gunnarsson, Guðjón L. Sigurðsson, Jens Þórisson,  
Júlíus Jóhannesson, Þórir Heiðarsson og Friðbjörn Benediktsson.

Námsstefnan var mjög vel sótt 40 manns og tókst mjög vel. Í lok dagsins var tekið  
löggilt próf hjá Brunamálastofnun og þreittu 16 manns prófið. Gefið var út sérrit um  
neyðarlýsingu í tilefni námsstefnunnar. Ritið er staðfærð og endurbætt útgáfa sem  
norksa ljóstæknifélagið, Lyskultur gaf út.

Leiðbeiningarnar eru í vönduðu hefti, 52 síður í lit í A4 stærð.

## **GÖTULÝSING**

Ákveðið var að gefa út reglur um hönnun götulýsingar. Stuðst er við reglur dönsku  
vegagerðarinnar. Reglurnar eru aðlagðar okkar aðstæðum. Um þessar mundir eru  
þær tilbúnar til prentunar. Aðalsteinn Guðjohnsen, Egill S. Ingibergsson og Hilmar  
Jónson hafa unnið mest að þessu verki ásamt formanni.

Einnig þýddur þeir Aðasteinn og Egil nýja evrópustaðalinn fyrir götulýsingu.

Staðlaráð tók svo að sér að gefa hann út.

Reglurnar um götulýsingu eru unnar í samvinnu við Orkuveituna , Gatnamálastofu og Vegagerðina.

## **MENNTUNARMÁL**

Rætt var við Iðnskólann um að taka upp kennslu í lýsingartækni. Skólastjórinn tók þessu vel . Ákveðið var að setja sig í samband við Norðmenn og Svía sem eru komnir langt í þessum efnum og fá að nýta þeirra kennslufni.

Skólastjórinn skipaði starfshóp til að utfæra hugmyndir um kennsluna.

Starfshópin skipa:

Guðmundur Páll Ásgeirsson, IR formaður

Ásgrímur Jónsson , IR

Daði Ágústsson , LFÍ

Þorsteinn Geirharðsson , AÍ

Finnur Fróðason innanhúss arkitekta

Væntanlegur til landsins er kennslustjóri”Lysskolan i Norge Trondheim “ Eilif Hugo Hansen. Hann ætlar að funda með Iðnskólanum og LFÍ , aðstoða við uppbyggingu á náminu.

Orkuveita Reykjavíkur hefur óskað eftir samstarfi við félagið í tilefni af 100 ára afmælis rafmagns á Íslandi.

## **TÍMARITIÐ LJÓS**

Tímaritið Ljós kom út á árinu og er mikið af vönduðu og góðu efni í því. Mikið efni er til í næsta rit sem á að koma út á haustdögum. Það er hönnunarhúsið sem gefur blaðið út í samvinnu við félagið. Ritstjóri er Guðni Gíslason.

Nokkrar greinar voru skrifaðar í Morgunblaðið og er Guðjón L Sigurðsson einna duglegastur við það.

Unnið hefur verið að því að fá pening til þess að gefa út rit um heimilislýsingu.

Meiningin er að þýða danskt rit. Rit þetta á að koma út á öllum Norðurlöndunum.

Unnið hefur verið að því að fá nýtt logo fyrir félagið.

## **HEIMASÍÐAN**

Heimasíðuna hefur Guðni Gíslason annast fyrir okkur og farnast það vel. Þetta er nokkuð öflugur vettvangur til að kynna félagið. Slóðin er [www.centrum.is/lfi](http://www.centrum.is/lfi). á henni má finna upplýsingar um félagið, tímaritið Ljós og félagatalið. Einnig eru tengingar við önnur félög og upplýsingar um ráðstefnur víða um heim.

## **NORDLYS**

Samstarf við Nordlys . Sóttir fundur í danmörku hjá danska félaginu.

Á fundunum var einkum rætt um samstarf Norðurlandanna á ýmsum sviðum. Farið var yfir nýjan Evrópustaðal í innanhússlýsingu. Rætt um ljóstækniverðlaunin.

Menntunarmál taka alltaf talsverðan tíma. Ákveðið var að setja Nordlys á internetið.

Búin verði til skygnubanki þar sem hægt er að hafa aðgang að flestum fyrirlestrum sem fluttir eru á Norðurlöndunum. Það er mikill áhugi meðal frænd þjóða okkar að halda Nordlys gangandi og glæða það sem mestu lífi.

Ákveðið var að endurgefa út danskan bækling um heimilislýsingu. Okkur voru afhent eintök af honum á fundinum. Hann verður svo gefin út á öllum Norðurlöndunum.

Vonir standa til að við getum einnig gefið hann út.

Norðurlanda félögin eru dugleg í að veita hönnunar verlaun fyrir vel hannaða lýsingu. Á haustdögum verður á vegu félaganna tveggja daga námsstefna haldinn í Malmö. Fegnir hafa verið mjög þekktir fyrirlesarar. Námsstefna verður kynnt nánar á netinu og í tímaritinu Ljós.

Félögin standa saman að “ Nordisk ungt lys” sem hefur það markmið að hvetja ungt folk til að læra lýsingartækni.

Það hefur verið mjög gefandi fyrir mig að sækja þessa fundi og tel ég að við getum haft mikið gagn af þeim.

Ákveðið var að hafa næsta fund í London og taka upp formlegt samstarf við Breska Ljóstæknifélagið.

## **LUXEUROPA**

Unnið er að því að undirbúa næstu LuxEuropa ráðstefnu sem verður 2005 í Berlín dagana 19.09-21.09. Drög að dagskrá er komin. Okkar maður í LuxEuropa er Ólafur Grétar Guðmundsson.

## **FÉLAGAR**

Í lok árs 2003 voru félagar 1 heiðursfélagi, fyrirtæki og stofnanir 36og einstaklingar 111. Nokkur fjölgun hefur verið á árinu.

Augnlæknafélagið sgði sig úr félaginu og eru það slæmar fréttir.

Guðni Gíslason var ráðinn í starf hjá félaginu. Starfið er um 8 tímar á mánuði. Hannað var nýtt fundarboðskort með nýja logoinu.

Félagið verður 50 ára þann 22. október. Þess verður minnst með því að Aðalsteinn Guðjohnsen flitur erindi 1 maí um lýsingu í 50 ár. Erindið verður í Orkuveituhúsinu . Einnig verður í samvinnu við Orkuveituna byggt hátækni sýningarhús . Þar mun LFÍ koma að öllu því nýjasta í lýsingu. Húsið verður líklega til sýnis í Perlunni í nóvember.

Félagið færði mælataekjasafni Orkuveitunnar nokkra gamla ljósmæla til vörslu og sýningar. Osram Belysningsmaaler nr. 983, Lúxmælir, LMT Caliberated kalibriet, Ljuskultur lux meter type 11, L-T brightness meter General Eletrich, Luxmètre og milliamper mæli.

## **Tillaga stjórnar að starfsemi næsta árs:**

Stefnt verði að fjölgun félaga

Haldnir verði 2-3 fræðslufundir

Gefa út 2 blöð á árinu

Fyrirhugað er að gefa út rit um heimilislýsingu á næsta ári.

Á næsta ári verðu Lux Evrópa haldinn í Berlín